



Verum virk

Hlutverk og starfsemi VIRK

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun með aðild allra helstu samtaka stéttarfélaganna og atvinnurekenda á vinnumarkaði.

Hlutverk VIRK er að móta, samþætta og hafa eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.

Tilgangur með þjónustu á vegum VIRK er að aðstoða fólk við að komast til vinnu. Um er að ræða markvissa ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings.

VIRK starfar í nánun samstarfi við stéttarfélög, atvinnurekendur, ýmsa þjónustuaðila í starfsendurhæfingu og stofnanir velferðarkerfisins. Á vegum VIRK starfa sérhæfðir ráðgjafar í starfsendurhæfingu sem eru staðsettir hjá stéttarfélögum víða um land. Þjónusta VIRK er einstaklingum að kostnaðarlausu.



Frekari upplýsingar

Á heimasíðu VIRK www.virk.is eru nánari upplýsingar um þjónustuna og árangur hennar. Þar eru meðal annars upplýsingar um eftirfarandi þætti:

- Ítarlegar upplýsingar um þjónustu við einstaklinga og samstarf við fagaðila
- Listi yfir starfandi ráðgjafa VIRK hjá stéttarfélögum um allt land
- Upplýsingar fyrir fyrsta viðtal hjá ráðgjafa
- Reynslusögur einstaklinga sem hafa verið í þjónustu VIRK

Ekki hika við að hafa samband ef þú hefur spurningar eða ábendingar.


Hverjir eiga rétt á þjónustu á vegum VIRK?

Til að eiga rétt á þjónustu á vegum VIRK þurfa eftirfarandi forsendur að vera til staðar:

- Einstaklingur geti ekki sinnt starfi sínu eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubreysts og sé með beiðni eða vottorð frá lækni
- Að markmið einstaklings sé að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði eða að auka þátttöku sína á vinnumarkaði
- Að þjónustan sé líkleg til að bera árangur á þeim tímapunkti sem hún er veitt

Auk þess er mikilvægt að:

- Einstaklingur hafi getu og vilja til að taka virkan þátt í starfsendurhæfingu. Hann þarf að geta sinnt athöfnum daglegs lífs og verið virkur þátttakandi í eigin starfsendurhæfingu
- Haft sé samráð við aðra aðila sem koma að málum viðkomandi einstaklings, t.d. heimilislækni og aðra meðferðaraðila
- Einstaklingur sé í góðum tengslum við sinn vinnustað ef um vinnusamband er að ræða



Hvernig er óskað eftir þjónustu?

Uppfylli einstaklingur ofangreind skilyrði um rétt til þjónustu er næsta skref hjá honum að panta tíma hjá lækni sínum og óska eftir beiðni fyrir starfsendurhæfingu.

Ef læknir telur einstakling hafa þörf fyrir starfsendurhæfingu þá sendir hann beiðni til VIRK. Farið er yfir allar beiðnir sem berast til VIRK og þeim sem uppfylla skilyrði um þjónustu samkvæmt lögum nr. 60/2012 er gefinn tími hjá ráðgjafa. Ráðgjafi hefur síðan samband við einstaklinginn símlíðis og boðar hann í viðtal.

Hvað tekur við eftir komu til ráðgjafa?

Strax í upphafi er mótuð áætlun um starfsendurhæfingu í samvinnu einstaklings, ráðgjafa, tilvísandi læknis og annarra sérfræðinga eftir þörfum. Áætlunin er tímasett með skýrum markmiðum um þátttöku á vinnumarkaði.

Unnið er markvisst að því að finna árangursríkar leiðir í starfsendurhæfingu fyrir hvern og einn. Áhersla er lögð á að styðja, hvetja og efla getu einstaklings til virkrar þátttöku á vinnumarkaði. Einnig er eftir atvikum haft samráð við atvinnurekanda þegar vinnusamband er til staðar.

Séu mál einstaklings flókin getur aðkoma fleiri sérfræðinga verið nauðsynleg til að starfsendurhæfing beri árangur. Þá hittir einstaklingur valda sérfræðinga til að unnt sé að meta betur stöðu hans og möguleika. Þetta geta verið læknar, sálfræðingar, sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfar og félagsráðgjafar. Markmiðið er að tryggja að þjónustan sé í samræmi við þarfir og getu einstaklingsins á hverjum tíma.

Ýmsir þjónustuaðilar geta komið að starfsendurhæfingu einstaklings, svo sem starfsendurhæfingarstöðvar um allt land, sálfræðingar, sjúkraþjálfarar og símenntunaraðilar.

Mat á því hvort þjónustan sé líkleg til árangurs

Stundum þykir ástæða til að meta hvort starfsendurhæfing sé raunhæf og líkleg til árangurs áður en einstaklingur fer til ráðgjafa VIRK. Þá hittir einstaklingur lækni og hugsanlega aðra sérfræðinga á vegum VIRK þar sem könnuð er staða mála með skoðun, viðtali og spurningalístum. Niðurstaða þessa mats er kynnt bæði viðkomandi einstaklingi og lækni hans.

Þátttaka

Mikilvægt er að einstaklingar taki fullan þátt í starfsendurhæfingunni og fylgi þeirri starfsendurhæfingaráætlun sem mótuð er. Mæti einstaklingur ekki ítrekað í tíma hjá ráðgjafa eða öðrum þeim aðilum sem koma að þjónustunni (svo sem sálfræðingum, sjúkraþjálfurum, starfsendurhæfingarstöðvum og símenntunaraðilum) án gildra ástæðna fyrir fjarvist er VIRK heimilt að líta svo á að viðkomandi sé hættur að þiggja þjónustu á vegum VIRK.



Alþýðusamband Íslands



BSRB



SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS



HINN NORSKA
HANDELSSKOLEN



Reykjavíkurborg



Bandalaag
háskólanna



SAMBAND
ISLENSKRA SVEITARFÉLAGA



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ



LANDSSAMTÖK
LÍFVEIRISJÓÐA



VÆLFEÐRÁÐUNEYTIÐ

Starfsgetumat í lok starfsendurhæfingar

Geti einstaklingur ekki tekið fullan þátt á vinnumarkaði við lok þjónustu VIRK fer fram mat á stöðu hans og möguleikum, svokallað starfsgetumat. Þar eru metnir styrkleikar og tækifæri einstaklingsins ásamt því að greina hindranir hans með tilliti til atvinnuþátttöku. Við starfsgetumat fara sérfræðingar yfir niðurstöður starfsendurhæfingaráætlunar og taka afstöðu til eftirfarandi þátta:

- Er starfsendurhæfing fullreynd?
- Hefur einstaklingurinn nægilega starfsgetu til að geta sinnt launuðu starfi á vinnumarkaði og þá í hvaða starfshlutfalli?

Niðurstaða starfsgetumats getur jafnframt verið send þeim aðilum sem bera ábyrgð á varanlegum lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum og kjarasamningum.

Lok þjónustu

Flestir einstaklingar fara í launað starf, virka atvinnuleit eða lánshæft nám við lok þjónustu VIRK. Að öðrum kosti lýkur þjónustu VIRK með starfsgetumati við lok starfsendurhæfingar (sjá hér að ofan). Niðurstaða starfsgetumats getur verið lögð til grundvallar ákvörðunar um rétt til varanlegrar framfærslu hjá framfærsluaðilum. Því er mikilvægt að einstaklingur hætti ekki í miðri starfsendurhæfingaráætlun heldur ljúki starfsendurhæfingu sinni, annað hvort með þátttöku á vinnumarkaði (launað starf, atvinnuleit eða lánshæft nám) eða með mati á starfsgetu við lok starfsendurhæfingar.

Starfsfólki VIRK er umhugað um að starfsendurhæfingin skili sem bestum árangri til framtíðar og því mun starfsmaður VIRK, á tilteknum tímum eftir lok þjónustu, hafa samband við einstakling sem lokið hefur starfsendurhæfingu og biðja um upplýsingar er varða framfærslu, líðan og stöðu viðkomandi á vinnumarkaði. Þessar upplýsingar eru einungis notaðar við tölfraðilega úrvinnslu á árangri þjónustunnar og ekki í öðrum tilgangi.

Upplýsingar og öryggi

Hjá VIRK er farið með allar upplýsingar um einstaklinga sem trúnaðarmál og í samræmi við ákvæði laga og reglna um persónuvernd. Strangar öryggisreglur gilda um öll vinnuferli, upplýsingaöflun, meðhöndlun og vistun gagna.

Með undirritun á upplýstu samþykki gefur einstaklingur samþykki sitt fyrir tiltekinni vörslu og meðferð upplýsinga um mál hans hjá VIRK. Þeir fagaðilar sem koma að máli einstaklings í starfsendurhæfingunni fá tímabundinn aðgang að þessum upplýsingum. Auk þess geta þeir aðilar sem bera ábyrgð á greiðslu endurhæfingar- og örorkulífeyris (t.d. lífeyrissjóðir og Tryggingastofnun ríkisins) fengið upplýsingar um starfsendurhæfingaráætlun einstaklings, tímabil þjónustunnar, ástundun og árangur. Þetta á einungis við ef þessar upplýsingar eru forsenda fyrir lífeyrisgreiðslum.



STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Rannsóknir hafa sýnt að löng fjarvera frá vinnumarkaði ógnar heilsu og lífsgæðum einstaklinga meira en margir lífshættulegir sjúkdómar. Þátttaka á vinnumarkaði hefur almennt jákvæð áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu einstaklinga – einnig þeirra sem glíma við varanlegan heilsuþrest af ýmsum toga.

Einstaklingar hafa almennt náð mjög góðum árangri í starfsendurhæfingu á vegum VIRK. Meirihluti þeirra sem hafa lokið henni er virkur á vinnumarkaði. Auk þessa sýna þjónustukannanir VIRK að þátttakendur eru undantekningalítið mjög ánægðir með þjónustuna og telja hana auka verulega bæði lífsgæði sín og vinnugetu.

www.virk.is



Fagmennska • Virðing • Metnaður